



# Reglugerð bílaflokks



## 1. Almenn

- 1.1 Bílaflokkur skal starfa innan Björgunarsveitar Kjalara á Kjalarnesi.
- 1.2 Bílaflokkur hefur umsjón með bílum sveitarinnar og þeim áhöldum og tækjum sem þeim fylgja.
- 1.3 Umsjónarmaður er með hverjum bíl og ber hann ábyrgð á því að viðkomandi bíll sé ávallt til reiðu fyrirvaralaust
- 1.4 Umsjónarmenn bíla og stjórn sveitarinnar skulu sjá um að bílaflokksmenn séu staðkunnir sínu svæði og hafi þekkingu á tækjum bílaflokks.
- 1.5 Flokkurinn skal sjá um að gengið sé vel um bíla og bílageymslu.
- 1.6 *Bílstjórar* skulu vera 20 ára að lágmarki og fullgildir félagar í Björgunarsveitinni Kili. Þeir skulu hafa verið á útkallslista í það minnsta eitt ár og vera virkir í innra starfi og í útköllum. Einnig skulu þeir teknir út sem bílstjórar viðkomandi ökutækis af stjórn sveitarinnar.
- 1.7 Stjórn tekur út þá sem gjaldgengnir eru til bílstjóra og hafa óskað eftir því, samkvæmt eftirfarandi stigum:
  - A - bílstjóri. Öll útköll, jöklar, fjalllendi og óbrúaðar ár.
  - B – bílstjóri. Almenn útköll, ekki F vegir, á láglandi.
  - C – bílstjóri. Almennur akstur á malbiki og malarvegum, ekki í útkalli.
  - D – bílstjóri. Í þjálfun, undir leiðsögn. Ekki einn í bíl.
  - +F – bílstjóri sem má aka í forgangsakstri, gildir fyrir A og B bílstjóra. (AF BF)
- 1.8 Bílstjórar skulu vera vel að sér í Fyrstu hjálp ásamt meðferð súrefnis- og hjartastuðtækja. Eins skal viðhalda og bæta við þá kunnáttu með reglulegum æfingum og endurmenntun.
- 1.9 Stjórn ber ábyrgð á því að félagar flokks sækji æfingar og námskeið.
- 1.10 Umsjónarmaður bíls sér til þess að í hverjum bíl sé ítarlegur listi yfir þann búnað sem í bílnum er.
- 1.11 Stjórn sveitarinnar getur afturkallað réttindi til aksturs bíls þegar þörf þykir.

Reglugerð breytt á stjórnarfundum í maí 2010  
Skáletrað, breytt á stjórnarfundum sept. 2011

## 2. Notkun bíla

2.1 Alla vinnu, bilanir, viðgerðir og akstur á að færa í bækur, einnig skal flokkurinn halda skrá yfir tæki í sinni umsjá.

2.2 Hafa skal samráð við formann stjórnar og/eða umsjónarmann ökutækis ef óskað er eftir bíl til notkunar.

2.3 Stjórn sveitar og umsjónarmaður bera ábyrgð á að bílarnir séu ekki til einkaafnota.

2.4 Miðað skal við að hver maður aki ekki lengur en 6 klst. án þess að til komi skipting á akstri og ekki lengur en 12 klst. á sólarhring. Umsjónarmaður eða stjórnandi sjá um skiptingu á akstri. Bílstjórar skulu forðast að vera við vöku nóttina fyrir akstur.

2.5 Ábyrgðarmaður bíls í ferð þarf að sjá til þess að umsjónarmaður fái vitneskju af breyttu ástandi bíls að ferð lokinni.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 2008 með aðlögunartíma.  
Breytt á stjórnarfundum í maí 2010.